FLOSI



viku skammtur

af sýnifýsn

Það er komið framá kvöld. Við heiðurshjónin sitjum í betristofunni á heimili mínu. Hraglandinn úti lemur gluggarúðurnar, en inni er hlýtt og notalegt. Hún er með handavinnuna sína, að prjóna eða hekla, eða eitthvað svoleiðis, en ég er að glugga í tíundu bók Platons um ríkið. Ég geri aðeins hlé á lestrinum til að hugleiða ögn, hvers vegna Platon í þessu öndvegisriti sínu gerir svona harða hríð að skáldunum í samfélaginu. Þegar ég er ljúfþreyttur af langri og linnulítilli hugsun, á ég það til að lygna aftur augunum, finnst svona einsog hugsunin verði ögn skýrari við það. Þá gerist það allt í einu, eins og hendi sé veifað, að ný og frumleg hugmynd fæðist innra með mér. Og ég hugsa sem svo:

– Platon er hér ekki að veitast að skáldunum sem slíkum, heldur öllu fremur vissum hræringum í ljóðlist.

Og ég verð svo frá mér numinn af þessum innblæstri að ég opna augun. Þetta tekur konan mín augljóslega sem vísbendingu um það að óhætt sé að ávarpa mig, því hún tekur svo til orða:

– Það er undarlegur andskoti hvað sumt fólk er lagið við að koma sér inná myndir í fjölmiðlum við öll möguleg og ómöguleg tækifæri.

Mér er það að sjálfsögðu ljóst að ég á þann kost vænstan að lækka flugið og koma niður á hennar plan. Slík tillitssemi er í raun og veru hornsteinn þeirrar lífshamingju sem hún býr við á heimili mínu.

Eftir nokkra umhugsun svara ég:

– Jæja.

Svo stend ég upp, fer fram í eldhús og fæ mér ískalt mjólkurglas og banana. Þegar ég kem aftur inní stofuna er konan mín búin að sanka að sér tiltækum dagblöðum og ég finn á mér að nú er í uppsiglingu umræða um daginn og veginn, eða eitthvað þaðanaf lágkúrulegra. Ég sest með mjólkurglasið og bananann og ákveð að bregða ekki þeim vana mínum að vera elskulegur í viðmóti. Ég finn það á öllu að nú á að negla mig, en ég er við öllu búinn. Hún situr á móti mér og ég finn að hún er að undirbúa atlöguna, en ég þykist ekki taka eftir neinu og einbeiti mér að bananum.

Þá tekur hún til máls:

– Hvernig stendur á því að maður flettir varla svo blaði að ekki sé í því mynd af þér?

Við þessu á ég satt að segja ekkert svar svo ég segi, eins áreynslulaust eins og ég get:

– Var það nokkuð fleira?

– Ég meina það, heldur hún áfram. Látum nú vera þó myndir birtist af þér þegar þú ert að vinna einhver stórafrek, látum það nú vera, en að það skuli ekki vera hægt að frumsýna leikrit eða bíómynd, án þess að þú sért kominn framfyrir ljósmyndavélarnar, ég meina það, þetta er ekki normalt. Hvað varst þú eiginlega að gera uppí Breiðholti, þegar sundlaugin fyrir lamaða og fatlaða var afhjúpuð? Varstu að kynna þér fjármögnun félagsgeirans? Eða hérna – og hún otar að mér öðru blaði. Við opnun hártoppaverksmiðjunnar. „Árnað heilla". Bara kominn á toppinn – hártoppinn – ha! ha! ha!

Nú er mér orðið það þungt í skapi að ég yfirgef svæðið enda sjónvarpsfréttir að byrja.

Ég sest fyrir framan sjónvarpið, talsvert fúll og bíð þess að fréttirnar byrji. Ég get ekki neitað því að sérstaklega eru það fréttir af opnun Kjarvalssýningarinnar, sem ég er spenntur að sjá. Sannleikurinn er sá að okkur bar að húsinu um svipað leyti, mig og forseta lýðveldisins. Öll pressan og sjónvarpið tók myndir, svo ekki er loku fyrir það skotið að ég komi í sjónvarpinu. Svo ælxaðist það líka einhvernveginn svo til að þegar karlakórinn var að syngja lagið „Einn allra mesti kjarnakall hann Kjarval", þá var ég ekki í meira en seilingarfjarlægð frá stjórnandanum. Kannske kæmi mynd af mér þar. Og ég hugsaði sem svo:

– Ég þarf auðvitað ekki að gera mér neinar vonir, því þarna voru víst fimmþúsund manns í ganginum og allir meira og minna að reyna að komast í sjónvarpið. Og ég rifja upp, þarna við sjónvarpið, hvað loftlaust var orðið í ganginum á Kjarvalsstöðum. Við hliðina á mér stóð miðaldra kona og sagði við förunaut sinn:

– Þetta er nú ljóta loftið.

Og hann svaraði að bragði:

– Þú ættir að sjá loftið í sýningarsalnum.

Svo byrjaði fréttamyndin frá opnuninni á Kjarvalsstöðum í sjónvarpinu og ekki kom eitt einasta myndskot af mér, en afturámóti sá ég ekki betur en konan mín og barnabarnið okkar væru þátttakendur í löngu myndskeiði af karlakórnum, einmitt þegar hann var að syngja lagið við ljóðið sem var tileinkað þessari málverkasýningu:

Þurfti loft, já þrútið loft,
þunga af lofti bar hún.
Uppi í lofti og uppí loft,
undir Lofti var hún.



Ellý: nú má ég (og þó fyrr hefði verið)

Dömufrí


Á tíu ára afmæli kvennafrídagsins á fimmtudaginn í næstu viku ætlar Rás 2 að láta konur stjórna öllum þáttum sem gamla gufuradíóið ætlar að sveifla út á öldum ljósvaka Rásarinnar þann dag. Allar konur sem sjá um þætti á Rásinni verða kallaðar til, en ekki nægir „fjöldi" þeirra og voru tvær utanaðkomandi fengnar. Önnur er hin gamalkunna útvarpskona, **Arnþrúður Karlsdóttir,** sem um þessar mundir er í Noregi. En hin er söngkonan sem fyrr á árum yljaði mörgum um hjartarætur og söng til að mynda **Vegir liggja til allra átta** sem er ódauðlegt lag. En það er engin önnur en **Ellý Vilhjálms,** sem hefur haldið sig úr kastljósi fjölmiðlanna um alllangt skeið. Þáttur Ellýjar á að heita: Nú má ég... og verður sendur út á sama tíma og maður hennar, **Svavar Gests,** hefur verið með sína þætti á fimmtudagskvöldum.■

Megasarsafn

Fyrir jólin er fyrirhugað að gefa út safn af hljómplötum **Magnúsar Þórs Jónssonar,** alias **Megas,** sem verða eitthvað á bilinu sjö til níu plötur. Á safninu á meðal annars að verða plata með úrvali af *Passíusálmunum* sem hann söng og lék um síðustu páska í Gamla Bíói, meðal annars með frábærri aðstoð **Ragnhildar Gísladóttur.** Þar fyrir utan á að fylgja ýmislegt góðgæti tengt ferli hans með sveitinni **Íkarusi,** sem ekki hefur verið gefið út áður, þar á meðal hið fræga lag **Ég þarf að fara að fá hana fyllta.** Sá sem sér um útgáfuna er gamall vinur Megasar, **Páll Baldvin Baldvinsson.**■

KGB – 150

Nú er loksins komin upp KGB deild hér á Íslandi. Hún er raunar nokkuð óskyld þeirri sem á uppruna sinn í austurvegi. KGB stendur nefnilega fyrir **Kristbjörgu Kjeld, Guðrúnu Ásmundsdóttur** og **Bríeti Héðinsdóttur** en þær eiga allar fimmtugsafmæli á árinu og í tilefni af því var KGB stofnað. En félagið hefur þann tilgang einan að halda uppá sameiginlegt 150 ára afmæli þeirra, og samkvæmt heimildum sem rannsóknarblaðamenn Þjóðviljans telja áreiðanlegar er fyrirhugað að halda eitt ofboðslegt gilli í Þjóðleikhúskjallaranum í byrjun desember...■



Megas: nýtt og gamalt.

Skáldaþing

Og svo er það ein vísa. Elías Mar rithöfundur lýsir þannig skáldaþingi:

Hómer, Virgil, Virtanen,
Whitman, Saffó, Proust,
Verlaine,
Dante, Tjekov, Thoroddsen,
Tolstoj, Shakespeare,
Skúli Ben.■